

**Nd.**

**678. Nefndarálit**

[227. mál]

um frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar á nokkrum fundum og sömuleiðis skoðað allmörg erindi um breytingar á einstökum greinum og ákvæðum frumvarpsins. Einnig hafa sérfræðingar ríkisstjórnarinnar, þeir er frv. sömdu, mætt á fundi nefndarinnar. Nefndin hefur klofnað í málinu, og munu minni hlutar, Lúðvík Jósefsson og Skúli Guðmundsson, skila sérálitum.

Meiri hlutanum er ljóst, að í svo viðamiklum lagabálki kann eitthvað að vera, sem reynslan sýni að lagfæringar þarfnist, og þess því að vænta, að tollskráin, ef að lögum verður, þurfi fljótlega endurskoðunar við. Hins vegar lítur meiri hlutinn svo á, að í frv. felist veigamiklar umbætur á gildandi tollaákvæðum og framkvæmd þeirra, og mælir því með, að frv. sé samþykkt.

Alþingi, 17. apríl 1963.

Birgir Kjaran,  
form., frsm.

Sigurður Ingimundarson,  
fundaskr.

Jóhann Hafstein.